



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	03.10.19
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1910073

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu

Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 30. september 2019

Umsókn um styrk til Bæjarstjórnar Garðabæjar

Erindi:

Stjórn Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu leitar hér með til Bæjarstjórnar Garðabæjar í von um styrk til starfsemi sinnar í þágu fatlaðra af öllu höfuðborgarsvæðinu.

Það er einlæg ósk okkar að þið sjáið ykkur fært að styrkja félagið um 200,000,- króna

Um félagið:

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu var stofnað 27. júní 1958 og fagnar því 61. ára afmæli í ár. Það hefur verið verkefni félagsins að sinna réttinum fatlaðra og verið með öflugt félagstarf. Því er gaman að segja frá því að á þessum árum hefur félagið dafnað vel og er mjög öflugt í sinni starfsemi.

En við erum ekki á föstum fjárlögum og verðum við því að treysta á velvilja bæjarfélag, fyrirtækja og almennings til að geta haldið starfsemiinni okkar gangandi.

Um starfsemi félagsins:

Sjálfsbjörg á höfuðborgarsvæðinu rekur skrifstofu og félagsheimili að Hátúni 12. Félagsheimilið er ákaflega vel sótt og skrifstofan einnig en til okkar sækja bæði félagsmenn sem og aðrir fatlaðir einstaklingar.

Mikið er leitað til skrifstofunnar eftir allskonar upplýsingum og er reynt að hjálpa öllum eftir föngum. Einnig er mikið leitað til Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu um samvinnu og ýmsar ráðleggingar um málefni fatlaðra, sérstaklega hvað varðar réttindamál fatlaðra.

Skrifstofan hefur um árabíl, í samvinnu við ÍTR, séð um útgáfu afsláttarkorta sem veita öryrkjum og þeim sem samkvæmt læknisráði þurfa að stunda sund, frítt í laugarnar á höfuðborgarsvæðinu. Einnig fá handhafar kortanna frítt í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.

Félagsheimilið er opið þrjú til fimm kvöld í viku. Einnig eru haldin mörg námskeið og eru þau vel sótt af félagsmönnum og öryrkjum hér úr nágrenninu, (ÖBÍ húsunum). Við erum með hóp sem kallar sig Kósi saman sem er hópur fyrir alla, þar sem bæði konur og karlar koma saman og þrjóna, lita, fönndra eða bara koma og hitta aðra. Hefur þessi hópur dafnað vel og stækkað mjög mikið, þetta er á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 12:00 -16:00. Í sumar var Kósi saman í Krika alla þriðjudaga og fimmtudaga.